

154. löggjafarþing 2023–2024.  
Þingskjal 880 — 576. mál.

## Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Andrésí Inga Jónssyni  
um kínverska rannsóknamiðstöð.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hafa fulltrúar erlendra ríkja komið á framfæri áhyggjum við íslensk stjórnvöld vegna starfsemi rannsóknamiðstöðvar sem Heimskautastofnun Kína (PRIC) rekur á Kárhóli?*

Utanríkisráðuneyti upplýsir almennt ekki um efni samráðs við einstök samstarfsríki, né heldur um trúnaðarsamskipti innan fjölþjóðabandalaga sem Ísland á aðild að. Sérstök ákvæði upplýsingalaga fjalla um meðferð slíkra upplýsinga og heimildir til að binda þær trúnaði.

Á vettvangi utanríkismálanefndar Alþingis fer fram reglulegt trúnaðarsamráð, m.a. um málefni sem varða samskipti við erlend ríki og fjölþjóðastofnanir í tengslum við öryggis- og varnarmál og önnur málefni sem varða mikilvæga hagsmuni í milliríkjasamskiptum.

Alls fór hálf vinnustund í að taka svarið saman.